Sveinbjörn Rafnsson:

Merlínusspá í sögulegu samhengi

-Fáein drög til sögulegrar gagnrýni-

I

Merlínusspá heitir kvæði sem varðveitt er í Hauksbók, íslensku skinnhandriti frá byrjun 14. aldar. Kvæðið er þar fellt inn í Breta sögur sem eru þýðing á frægu latnesku söguverki frá 12. öld, Historia regum Brittannie, Saga konunga Bretlands, eftir Goðfreð frá Monmouth. Latneska sagan er talin samin á árabilinu 1130-1138 og höfundur hennar er oft talinn hafa dáið árið 1154.[1]

Merlínusspá er íslensk þýðing á hinum latnesku Prophetie Merlini, Spádómum Merlínusar, sem einnig eru felldir inn í hina latnesku frumgerð Breta sagna. Ljóst er að spádómarnir hafa verið samdir áður en latneska sagan var fullgerð. Þeir hafa sérstakan tileinkunarformála þar sem þeir eru sagðir þýddir á latínu af Goðfreði að beiðni Alexanders biskups í Lincoln á Englandi (d.1148).[2]

Hér skulu ekki raktar ýtarlega rannsóknir fræðimanna á Spádómum Merlínusar og heimildum þeirra. Vísa má í eitt skipti fyrir öll í hið mikla verk J.S.P.Tatlock, The Legendary History of Britain (1950). Enn fremur skal bent á rannsóknir og útgáfur N.Wrights og J.C.Cricks á Historia Regum Britannie eftir Goðfreð frá Monmouth, I-V (1984-91). Spádómar Merlínusar er frægasta spádómsrit evrópskra miðalda og eitt hið glæsilegasta. Þeir eru lagðir í munn Merlínusi spámanni sem samkvæmt Breta sögum á að hafa rakið þá fyrir Vortigernusi Bretakonungi einhvern tíma um miðja 5. öld. Í spádómunum eru alls konar atriði sem ókomin eru í sögutíma Breta sagna, Merlínus virðist t.d. látinn segja fyrir um komu Artúrs konungs (villigölturinn frá Cornwall, sbr. Merlínusspá II, 24) og frægð hans. En allt er þetta mjög torskilið og talað í myrkum táknum og myndum.

Sé leitað raunverulegra atburða úr samtíð Goðfreðs sjálfs í spádómunum, þ.e. sögu í gervi spásagna (vaticinia ex eventu), þá eru menn á eitt sáttir um að einn yngsti samtímaatburður sem getið sé í spádómunum sé drukknun Vilhjálms krónprins af Englandi, sonar Hinriks I árið 1120[3] (hvolpar ljónsins munu breytast í sjávarfiska, sbr. Merlínusspá II, 52). Nær höfundi í tíma hafa menn ekki treyst sér til að komast í þessu moldviðri óljósra tákna og hálfsagðra staðhæfinga. Eru þá eftir um fjórir fimmtu hluta spádómanna. Þeir eru samsetningur sem ógerningur er að ráða í með tilliti til raunverulegra atburða, orðaflaumur tákna og stórmerkja sem enginn sögulegur botn virðist í.

En söguleg vera spádómanna er margbrotnari en svo að þar verði einungis leitað endurspeglunar atburða í sögutíma Breta sagna eða samtíma höfundar (vaticinia ex eventu). Höfundurinn Goðfreður frá Monmouth, enskur 12. aldar maður, hefur sett á þá handbragð sitt og fólgið í þeim hneigðir sínar og menntun. Spádómana má þannig skoða sem sögulega leif frá 12. öld. Síðan má rekja almennt baksvið eða forsendur samsetnings á borð við spásögurnar í fyrri ritum, kveikjurnar sem verða til þess að verkið verður til og ber tiltekin einkenni, og hneigðir eða afstöðu spásagnanna til tiltekinna atriða. Allt varpar þetta ljósi á höfundinn, skýrir verkið

---

[1] A.Gransden, Historical Writing in England c.550-c.1307, London 1974, 201 með tilvísunum og N.Wright (ed.), The Historia Regum Britannie of Geoffrey of Monmouth I. Bern, Burgerbibliothek, MS. 568, Cambridge 1984, ix-xvi.

[2] Wright (1984) x-xi.

[3] J.S.P.Tatlock, The Legendary History of Britain. Geoffrey of Monmouth's Historia Regum Britanniae and its Early Vernacular Versions, Berkeley 1950, 403.

og er vitnisburður um sögulega veru þeirra. Þessar aðferðir eru í anda sígildrar sögulegrar heimildagagnrýni.

Meginhneigð spádómanna er samúð með málstað Breta, sem táknaðir eru með rauðum dreka og andúð á Söxum, sem táknaðir eru með hvítum dreka. Hvergi er hallað á hina normönnsku konunga og yfirstétt í samtíma höfundar, þvert á móti.

Í lok spádómanna er lýst stórmerkjum sem virðast boða heimsslit, þegar gangur himintunglanna er sagður ruglast. Þó eru hvergi beinlínis boðuð heimsslit. Fyrir meira en öld var bent á að Goðfreður hefði tekið upp í þessa lýsingu á himintunglunum atriði úr hinu fræga kvæði Pharsalia rómverska skáldsins Lucanusar, sem mikið var lesið á miðöldum. Raunar má merkja áhrif frá Lucanusi víðar í spádómunum. Bendir þetta aftur til klassískrar rómverskrar fornaldar Stóumanna sem gerðu ráð fyrir endalokum heimsins í miklum heimsbruna eða eldi, til manna eins og Cicerós, Seneku, Lucanusar og Epiktetusar. Þannig eru rit klassískrar fornaldar ein af forsendum spádóma Merlínusar.

Þá hefur verið bent á hve mikil líkindi séu milli spádómanna og ýmissa bóka bibliunnar, stíll spádómanna beri svip ljóða Gamla testamentisins, ekki síst saltarans sem allir klerkar á miðöldum voru virkir að. Táknmál spádómanna sé tekið eftir spádómsbókum bibliunnar t.d. Esekiel, Daníel og Opinberun Jóhannesar. Þannig eru rit bibliunnar ein af forsendum spádóma Merlínusar.

Spádómsrit kristinnar fornaldar og miðalda hafa einnig haft áhrif á gerð og tilurð spádóma Merlínusar. Hér hafa fræðimenn gert mörg tilhlaup og bent á margar hugsanlegar fyrirmyndir, því að nóg er af slíkum spádómsritum. Aðalatriði málsins er þó að með því er bent á að fyrirmyndir voru nægar og að spádómar Merlínusar sverja sig í ætt rita sem eiga sér langar og miklar hefðir. Nefndar hafa verið gyðinglegar og kristnar sibylluspásögur frá 2. og 3. öld og þaðan af yngri (Oracula Sibyllina) og ýmsar yngri sibylluspásögur miðalda. Tatlock segir einnig frá írskum og velskum spásögum sem til voru á miðöldum og kunna að vera meðal almennra forsendna spádóma Merlínusar. Þar nefnir Tatlock einnig Opinberunarbók Tómasar (Apocalypsis Thomae) sem þekkt hafi verið á miðöldum.[4]

Þegar spádómar Merlínusar eru skoðaðir grannt og bornir saman við annað efni í hinum latnesku Breta sögum kemur fram sérstök hneigð í spádómunum, eins og Tatlock bendir á. Í spásögunum gætir siðferðilegrar hneykslunar í sambandi við kynhegðun, óskírlífar konur og klerka, sem ekki sjáanleg í sögunum.[5] Ekki skýrir Tatlock þetta frekar en einföld skýring, sem liggur beint við, er að spádómarnir eru upphaflega tileinkaðir biskupnum í Lincoln, en sögurnar í heild eru tileinkaðar veraldlegum höfðingjum konungbornum. Hér endurspeglast því mismunandi viðhorf andlegra og veraldlegra stétta á ritunartíma Breta sagna, átök um reglur um samgang kynjanna sem voru mjög ofarlega á baugi á dögum höfundar. Þessi kirkjulega siðferðilegi undirtónn spádómanna hafði mikil áhrif í hinni íslensku þýðingu þeirra eins og síðar mun komið að.

II

Miðað við latneska frumtextann kemur Prophetie Merlini fram í dálítið einkennilegri mynd í Merlínusspá á íslensku. Merlínusspá er aðeins varðveitt í einu handriti, Hauksbók frá því snemma á 14. öld. Áður en Merlínusspá hefst í Hauksbók segir þar í Breta sögum:[6]

Síðan sagði Merlínus langt fram um konungsævi og mörg önnur stórtíðindi þau

---

[4] Tatlock (1950) 407, nmgr. 17.

[5] Tatlock (1950) 416.

[6] Annaler for nordisk Oldkyndighed 1849, 12. Hauksbók, udg. after de Arnamagnæanske håndskrifter No. 371, 544 og 675, 4° samt forskellige papirhåndskrifter. København 1892-96, 271.

er enn eru eigi fram komin. Hér eftir hefur Gunnlaugur munkur ort kvæði það er heitir Merlínusspá.

Í annarri gerð Breta sagna á íslensku, sem ekki hefur kvæðið eins og Hauksbók, segir svo á sama stað í sögunum:[7]

> Síðan sagði Merlínus langt fram um konungaævi sem eftir er mynt[8] hið stærsta af kvæði því er Merlínsspá heitir er orti Gunnlaugur munkur Leifsson og kunna margir menn það kvæði. En er Merlín lauk spá sinni þá lofaði konungur mjög fróðleik hans og vísdóm. Sú spá hefur oft síðan af hinum vitrustu mönnum á Englandi rannsökuð verið og finnst æ nokkuð þess í er miklum rökum þykir sæta.

Samkvæmt þessu er þýðandi spádómanna Gunnlaugur Leifsson (d.1218 eða 1219), mikilsháttar klerkur norðanlands og munkur á Þingeyrum. Hann vann að helgi Þorláks biskups Þórhallssonar með Páli Jónssyni Skálholtsbiskupi rétt í kringum 1200 og hefur haft orð á sér sem lærdómsmaður.[9] Gunnlaugur fékkst við sagnaritun af Jóni helga Hólabiskupi, Ólafi Tryggvasyni kristniboðskonungi, Þorvaldi víðförla hinum norðlenska kristniboða og kristnitöku á Íslandi. Hann á líkast til einnig þátt í því að kristna nokkra landnámsmenn.[10] Þá hefur Gunnlaugur samkvæmt Guðmundar sögu Arngríms samið sögu heilags Ambrosiusar sem menn vita nú ekki frekari deili á.[11]

Merlínusspá ber ytri einkenni sem stinga í stúf við latneska frumtextann. Í fyrsta lagi er spádómunum snúið í kvæði en latneski frumtextinn er ekki í því formi. Í öðru lagi er spádómunum snúið í tvö kvæði, síðari hlutanum, sem sagður er eldri, í Merlínusspá I og fyrri hlutanum í Merlínusspá II, samanber Merlínusspá II, 93 og 94.

Í fyrra kvæðinu, Merlínusspá I, er mjög látið í það skína að spádómarnir séu upphaflega fram settir í kvæði (I, 4: ljóðborg, bragur; I, 51: kvað hinn fróði halur; I, 62: folkstafs fornt kvæði). Þetta er þó ekki rétt eins og bent hefur verið á hér á undan. Bent hefur verið á það að latínutextinn sé settur fram á ljóðrænu og mælskufræðilega ögguðu máli að hætti kveðskapar Gamla testamentisins.[12] Í tileinkunarformála Goðfreðs fyrir Prophetie Merlini til Alexanders Linkolnsbiskups afsakar hann sig fyrir alþýðlega flaututóna sína í þýðingunni á spádómunum, sem auðvitað eiga að vera þýddir úr bresku (velsku), lærðari menn muni geta þóknast vísum hlustum biskupsins betur með ljúfleika háleitari kvæða (delectamentum sublimiores carmina). Hinn auðmjúki mælskufræðilegi tónn formálans er hér ekki aðalatriði heldur að formálahöfundur líkir spádómunum við hljómlist og kveðskap. Það kunna að vera þessir tveir þættir, ögguð framsetning spádómanna í stíl Gamla testamentisins og þekking á tileinkunarformála Goðfreðs sem valda því að Gunnlaugur þýðir Prophetie Merlini í kvæðisform, Merlínusspá.

Í síðara kvæðinu, Merlínusspá II, kveður við annan tón um kvæðisform

---

7 Annaler for nordisk Oldkyndighed 1849, 12-13.

8 Orðalagið minnir á Merlínusspá II, 94.

9 Byskupa sögur. 2. Hæfte, udg. af Jón Helgason. København 1978, 400.

10 Sveinbjörn Rafnsson, Studier i Landnámabók. Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia. (Bibliotheca Historica Lundendsis XXI). Lund 1974, 68-84 og Sveinbjörn Rafnsson, Um kristniboðsþættina. Gripla II (1977).

11 Byskupa sögur III. Hólabiskupar. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Reykjavík 1953, 275. Hér má geta þess að spámaðurinn Merlínus var einnig nefndur Ambrosius, sbr. Merlínusspá II, 9.

12 Tatlock (1950) 406-407.

spádómanna. Þar kemur fram að þýðandi spádómanna er að yrkja ljóð og hefur snúið sumu af orðum Merlínusar í kvæði (II, 93: ljóð, kvæði). Þar virðist því ljóst að spádómarnir eru ekki taldir vera í kvæðisformi upphaflega eins og látið var liggja að í fyrra kvæðinu, Merlínusspá I. Ennfremur eru menn í síðara kvæðinu, Merlínusspá II, beðnir að fyrtast eigi við (II, 94: alviz eigi) braginn, þó að þýðandinn hafi snúið orðum spámannsins í kvæði (II, 94: mynt...mál að hætti). Það liggur nærri að beðist sé afsökunar á kvæðisforminu. Skýring á því gæti verið að áheyrendur hafi þekkt verk Goðfreðs og því sé kvæðisformið afsakað í Merlínusspá II. Fyrra kvæðið hafi hins vegar unnið sér útbreiðslu eða hefð og þýðandinn því haldið kvæðisforminu til streitu.

En hvernig stendur á því að þessir spádómar voru þýddir á íslensku? Og hvers vegna er fyrst tekið til við að þýða síðari hluta spádómanna og fyrri hlutinn ekki þýddur fyrr en nokkru síðar? Ekki er ástæða til að rengja upplýsingar heimildanna um að Gunnlaugur Leifsson munkur sé þýðandinn. Þeim ritum sem Gunnlaugi eru kennd er það sameiginlegt að vera til eflingar guðs kristni í landinu (Ólafs saga Tryggvasonar, kristnitökusögur) og þó einkum kristni í Hólabiskupsdæmi (Jóns saga Hólabiskups, Þorvalds þáttur víðförla). Vitað er að Gunnlaugur hefur stuðlað að helgi hins kirkjulega umbótasinnaða samtíðarmanns síns, Þorláks Þórhallssonar Skálholtsbiskups.

Skýringa á tvískiptingu íslensku þýðingarinnar á Prophetie Merlini er einkum að leita á tveimur sviðum, annars vegar í samtíð og aðstæðum þýðandans Gunnlaugs Leifssonar og hins vegar í innihaldi og boðskap spádómanna og þýðingar þeirra.

Þegar er komið fram hér á undan að svo virðist sem hirðuleysis gæti í fyrra kvæðinu, Merlínusspá I, um heildarsvip þess verks sem þýtt er úr og enn fremur að þýðandinn, Gunnlaugur Leifsson munkur, er kirkjulega virkur rithöfundur og umbótamaður. Af þessum aðstæðum mætti hugsa sér að fyrra kvæðið, Merlínusspá I, sé gert að undirlagi kirkjuhöfðingja, ábóta eða biskups, sé nokkurs konar pöntunarverkefni eða ákvæðisverk, þar sem þýðanda er fenginn kafli á latínu með þörfu og æskilegu innihaldi til að snúa í íslenskt kvæði.

Erfitt er að sjá hvers vegna er tekið til við að þýða spádómana nákvæmlega á þessum stað í textanum. Margt er eftir að athuga í hinni umfangsmiklu handritageymd hinna latnesku Prophetie Merlini. Meðal þeirra athugunarefna eru kaflaheiti og kaflaskil. Í gömlum útgáfum af Historia regum Britannie, eða allt frá fyrstu prentútgáfu Hieronymusar Commelinusar í Heidelberg 1587, hefur gjarnan verið höfð tólf bóka skipting á verkinu sem þó á sér ekki stoð í öllum handritum. Samkvæmt þeirri skiptingu verða einmitt kaflaskil á sama stað og skil verða milli hinna íslensku Merlínusspár II og Merlínusspár I, þ.e. við kafla VII.ii, þau verða eftir kaflaskiptingu E.Farals, sem nú er oftast notuð, við kafla 116 (31).[13] Kaflaskipting Commelinusar á þessum stað er í sumum miðaldahandritum[14] og gæti svo hafa verið í forriti Gunnlaugs sem hann þýddi eftir.

En hver er heildarstefnan í hinum tveimur kvæðum Merlínusspár? Er einhver munur á kvæðunum eða mismunandi áherslur, umfram það sem áður er á minnst?

Kvæðin eru mislöng, Merlínusspá I hefur verið talin 68 erindi eða vísur, en síðara kvæðið Merlínusspá II, 103 erindi eða vísur. Sé litið til hinnar latnesku heimildar kvæðanna, sést að fyrra kvæðið, Merlínusspá I, er einungis þýtt úr hluta af síðasta hluta Prophetie Merlini í Breta sögum.[15] Síðara kvæðið, Merlínusspá II,

---

[13] Sjá nánar um kaflaskiptingar þessar, Wright (1984) lii-liv og töflu 172-174.

[14] Sbr. N.Wright, The Historia Regum Britannie of Geoffrey of Monmouth II. The First Variant Version: a critical edition. Cambridge 1988, 107 nm.

[15] Prophetie Merlini 116(31-46) = Merlínusspá I, 5-32 og 37-47.
Prophetie Merlini 116(53) = Merlínusspá I, 48-49 og 54-55.
Prophetie Merlini 116(71)-117(74) = Merlínusspá I, 56-61.

er hins vegar bæði þýtt úr nokkrum köflum Breta sagna sjálfra sem nokkurs konar aðdraganda að fyrri hluta spádómanna, og fyrri hluta Prophetie Merlini sem er meginbálkur þýðingarinnar.[16]

Eitt einkenni fyrra kvæðisins, Merlínusspár I, er að í því er stuttur fjögurra vísna inngangur (I, 1-4) eftir þýðandann þar sem hann ávarpar lesandann og kynnir hinn kristna spámann Merlínus sem sagði mönnum marga myrka spádóma sem ráða verði í af skýru kvæði. Ekki er sagt nákvæmlega fyrir hverjum spádómarnir voru raktir né hvenær og ekki heldur hverja spádómarnir varða. Verður varla stokkið jafn augljóslega "in medias res". Úr þessum annmarka er ræki lega bætt í síðara kvæðinu, Merlínusspá II, þar sem er tuttugu vísna inngangur (II, 1-20), dreginn saman úr nokkrum köflum Breta sagna. Þar greinir frá breska konunginum Vortigernusi, baráttu Breta við Saxa, turnsmíði konungs og erfiðleikum við hana, tilkomu spámannsins Ambrósíusar Merlínusar, spár hans um húsgrunninn og ráð þar að lútandi, framkvæmd konungs og uppfylling spádómanna um grunninn, barátta rauða og hvíta drekans í grunninum, bón konungs að Merlínus segi hvað baráttan tákni og gráti Merlínusar að hætti spámanna bibliunnar og Krists þegar hann sér fyrir óorðna hluti. Með 21. vísu hefst svo hin eiginlega Merlínusspá, Prophetie Merlini.

Hinn mikli asi í fyrra kvæðinu, Merlínusspá I, að komast að efninu án mikilla málalenginga bendir til ákafa að koma boðskap og innihaldi spádómanna á framfæri.

Áður var á það minnst að síðast sæi glöggt til sögulegra atburða í spádómum Merlínusar þar sem talið er fjallað um drukknun Vilhjálms krónprins árið 1120, þegar um fimmtungur spádómanna hefur verið rakinn (samsvarar Merlínusspá II, 52).[17] Það þýðir að allt það efni sem rakið er í fyrra kvæðinu, Merlínusspá I, svífur í lausu lofti án ljósra tengsla við sögulega atburði. Vel má þó vera að Gunnlaugur Leifsson og samtíðarmenn hans hafi kunnað betur en nútímamenn að leggja út af ýmsum óljósum spádómum Merlínusar og heimfæra upp á sögu og samtíma.

Sérstakur áhugi kemur fram í fyrra kvæðinu, Merlínusspá I, á Vintonia, þ.e. Wincester á Englandi, sem nefnd er þrisvar í kvæðinu (I, 5, 16 og 18). Í síðasta skiptið er nafnið tilfært af þýðandanum án þess að það sé nefnt í frumtexta. Vintonia er ekki nefnd í síðara kvæðinu, Merlínusspá II.

Það enska örnefni sem oftast er nefnt í báðum kvæðum Merlínusspár, I og II, er Lundúnir eða Lundúnaborg (I, 11, 20, 22 og 46; II, 30, 34, 43, 78, 83 og 91). Það hefur væntanlega verið tíðkvert þekktur staður meðal manna á Íslandi á 12. öld eins og áin Tems sem er nefnd þrisvar sinnum í kvæðunum (I, 20 og 47; II, 91).

Frumort virðist Merlínusspá I, 1-4, 33-36, 57(½), og 61(½)-68.

[16] Historia regum Britannie 105 = Merlínusspá II, 1-5.
Historia regum Britannie 106 = Merlínusspá II, 6-8.
Historia regum Britannie 108 = Merlínusspá II, 9-14,4.
Historia regum Britannie 111 = Merlínusspá II, 14,5-20.
Prophetie Merlini 112(1)-114(13) = Merlínusspá II, 21-54.
Prophetie Merlini 114(15-20) = Merlínusspá II, 55-64 og 68,7-8.
Prophetie Merlini 114(20)-116(30) = Merlínusspá II, 70-79,5 og 80-92.
Frumort virðist í Merlínusspá II, 51,7-8; 65-69 (nema 68,7-8); 79,6-10 og 93-103.
Þessi efnismeðferð Merlínusspár II sýnir svo ekki verður um villst að Historia Regum Britannie hefur verið í höndum þýðandans, Gunnlaugs Leifssonar. Á það hefur verið bent áður, en með öðrum rökum, sjá J.S.Eysteinsson, The Relationship of Merlínusspá and Geoffrey of Monmouth's Historia. Saga-Book XIV (1953-57).

[17] Sbr. Prophetie Merlini 112 (12). Hér má geta þess til gamans að túlkun höfundar Historia Norwegiae á spádómunum virðist svipuð, Monumenta Historica Norvegiæ. Latinske kildeskrifter til Norges historie i middelalderen, udg. ved G.Storm. Kristiania 1880, 91.

En önnur örnefni á Englandi sem nefnd eru í kvæðunum hljóta að hafa verið öllum þorra manna á Íslandi lítt kunn, t.d. Knútsskógarborg (I,9), Kolidonisskógur (I, 11), viður hinn danski (I, 15)[18], Cimbria (I, 16), Kalaterioskógur (I, 24), Menelogia (II, 30), Venedocia (II, 53), Peritonis á (II, 63), Sabrinus ránar vegur (II, 89), Óskar á (II, 89) o.s.frv.

Hins vegar er kunnátta þýðandans og þekking á enskri landafræði og örnefnum mjög mikil og merkileg sé meðferð örnefnanna borin saman við latneska frumtextann. Þannig virðist þýðing á "greges Albanorum" (þ.e. hjarðir Skota) í Merlínusspá I, 47 með "Norðhumru hjarðir" fela í sér þekkingu á 35. kafla Breta sagna á latínu: "Northanhimbriam ab Humbro usque ad Katanesiam", þó er Albania þýtt sem Skotland í Merlínusspá II, 64. "Borg Kantara" í Merlínusspá II, 30 er þýðing á "Dorobernia" og felur í sér þekkingu á 98. kafla frumtexta Breta sagna: "Dorobernie, que nunc Cantuaria dicitur." Orðið "Britannia" í Merlínusspá II, 71 kemur ekki fyrir í frumtexta spádómanna en felur í sér þekkingu á 21. kafla frumtexta Breta sagna: "Brutus de nomine suo insulam Britoniam appellat." Í sömu vísu, Merlínusspá II, 71, kemur fyrir orðið "Anglia" um England sem yfirleitt er alls ekki notað í frumtexta spádómanna eða Breta sagna.[19] Þessi dæmi bera það með sér að þýðandinn hefur haft aðgang að Historia regum Britannie bæði þegar fyrra og síðara kvæðið var ort.

Staðþekking þýðandans og landafræði nær þó langt út fyrir frumtexta Breta sagna. Í hinni makalausu vísu, Merlínusspá II, 25, er talað um "Út-Skota" (Orkneyinga?), "Noregssíðu" og "Norður-Dani" (Íslendinga?) en ekkert samsvarandi er í frumtextanum, þar er aðeins talað um "Insule oceani." Eins kemur þýðandinn á óvart í Merlínusspá I, 26, þar sem talað er um "vestur í dal...Galabes", ekkert stendur í latnesku frumgerðinni um vesturátt á þessum stað. Þó er af síðari tíma mönnum talið að þessi Galabesdalur hafi verið í Wales á vestanverðu Bretlandi[20] og verður þá þessi staðþekking íslensks þýðanda næstum með ólíkindum.

Svo nákvæm og víðfeðm þekking á örnefnum og landafræði getur þó alls ekki verið aflvaki þess að farið var að þýða þetta spádómsefni á íslensku og snúa í kvæði.

Sérstaklega verður að benda á að í Merlínusspá I, 48-49 og 54-55, er einungis stuðst við stuttan latínutexta, um þrjár línur í nútímaútgáfum (116)(53), en þýðandinn gerist hinn mælskasti og breiðir úr sér svo um munar. Hann sleppir geysimiklu efni úr frumtextanum bæði á undan og á eftir þessum vísum en bætir hins vegar fjórum vísum frumortum inn á meðal þeirra, Merlínusspá I, 50-53. Umræðuefnið í vísunum sem styðjast við hinn stutta latínutexta er einkum kynhegðun manna, konur eru teknar til sameignar, hór tíðkast og sifjaslit og menn lifa fénaðarlífi. Þegar þýðandinn tekur næst niður í frumtextann í Merlínusspá I, 56 er talað um fégræðgi og ofdrykkju í samræmi við frumtextann (116)(71), en þýðandinn getur ekki setið á sér að minnast á hold og danska drótt þótt um hvorugt sé talað í frumtextanum, "Lifir hiu danska drótt að holdi," í Merlínusspá I, 57. Fénaðarlíf manna í spádómunum á sér hliðstæðu í átölum erkibiskups til Íslendinga frá um 1180, þar sem talað er um að Íslendingar lifi búfjárlífi.[21] Barátta Þorláks biskups Þórhallssonar (1178-1193) vegna kvennamála íslenskra höfðingja er af sama toga. Gunnlaugur Leifsson þýðandi Merlínusspár og

---

[18] Vel getur verið að þýðingin á örnefninu "Daneum nemus" í "viður hinn danski" sýni að þýðandinn hafi ekki skilið það sem örnefni eða staðarnafn. Hitt er ljóst að hann heimfærir orðin til norrænna þjóða.

[19] Tatlock (1950) 19.

[20] Tatlock (1950) 74.

[21] Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn I. Kaupmannahöfn 1857-76, 262.

aðdáandi Þorláks biskups er í vísum þessum að benda sérstaklega á eitt helsta baráttumál kirkjunnar á Íslandi á ofanverðri 12. öld.

Lykillinn að tilefni þessarar þýðingar er að öllum líkindum í síðustu vísum fyrra kvæðisins, Merlínusspár I. Frá og með 49. vísu Merlínusspár I fer þýðandinn að túlka spádómanna meira en áður í kvæðinu og leggja út af þeim siðferðilega, jafnframt tínir hann það út úr þeim af löstum sem hann vill benda á í þýðingunni og sleppir fjölmörgu sem stendur í frumtexta. Hann kennir lestina við Dani, "hin danska drótt" (I, 57), sem hvergi stendur í frumtexta, með því er auðvitað látið í það skína að spádómarnir eigi einnig við Íslendinga.

Með Merlínusspá I, 61 er lokið við spádómanna í latnesku frumgerðinni. Í þeirri vísu koma í lokin fram heimsslit, mennirnir eiga að rísa upp eða að hverfa af jörðinni, en um það er hvergi talað í frumgerðinni. Textarnir á latínu og íslensku líta þannig út:

(117)(74):	I, 61:
In ictu radii	Geisar geimi
exurgent equora	gengur hann upp í loft...
et puluis ueterum	mun hin forna mold
renouabitur.	af firum verða.
	I, 60:
Confligent uenti	...beriast vindar
diro sufflamine	þau eru veður mikil
et sonitum	og hljóm gera
inter sidera	meðal himintungla.
conficient.	

Af þessum samanburði virðist sem þýðandinn hafi ekki lesið "renouabitur" (er endurnýjuð) í forriti sínu heldur "remouebitur" (er fjarlægð), og niðurstaðan orðið heimsslitavísa þar sem mennirnir eru fjarlægðir og eytt af jörðinni. Þannig vill Jón Sigurðsson skilja vísuna.[22] Með því að gera ráð fyrir misritun af í stað at (mun hin forna mold að firum verða) má þó telja að þýðandinn hafi lesið "renouabitur", en engu að síður er þá gert ráð fyrir heimsslitum, þ.e. upprisu manna á dómsdegi, sem ekki kemur fram svo skýrt sé í latneska forritinu. Þessir túlkunarkostir, hvor sem heldur er kosinn, skýra hvers vegna röðinni á efni frumtextans er breytt í þýðingunni, barátta vindanna er höfð í 60. vísu og flutt fram fyrir eyðingu eða upprisu mannanna í 61. vísu eins og sjá má af samanburðinum.

Næstu tvær vísur, Merlínusspá I, 62-63, eru greinargerð þýðandans um þýðinguna, hann segist hafa sleppt mörgu en segi ekki fleira en þetta og hvetur menn til að nýta sér spárnar til varnaðar. Fimm næstu vísur, Merlínusspá I, 64-68, lokavísurnar, eru hvatning til lesandans að vera grandvar, sjá við synd, gleðjast í góðum hug, ástunda góðverk og iðka bænahald. Rennur kvæðið í lokin út í fyrirbæn (apprecatio) fyrir "þessu mengi" sem virðist vera lesendur eða áheyrendur kvæðisins.

Með þessu er boðskapur og hneigð fyrra kvæðisins, Merlínusspár I, ljós: menn skulu óttast guð og þau siðferðilegu ósköp og hamfarir í náttúrunni sem hann lætur yfir ganga vegna synda mannanna og ástunda kristilegt líferni. Aðalatriðið virðist að boða danskri drótt bætta siðu þegar yfir dynja váleg merki til áminningar af guðs hálfu. Af þessu sést að þýðingin virðist vera innlegg í einhvers konar siðvæðingarbaráttu kirkjunnar á Íslandi á ofanverðri 12. öld.

Síðara kvæðið, Merlínusspá II, er allt öðru vísi að upphafi en hitt kvæðið eins og rakið hefur verið. Í síðara kvæðinu, Merlínusspá II, er ýtarlegur sögulegur inngangur eða aðdragandi spádómanna rakinn og síðan hefjast spádómarnir með Merlínusspá II, 21. Latnesku frumgerðinni er allvel fylgt, þó hleypir þýðingin úr nokkru efni á tveimur stöðum, milli Merlínsspár II, 54 og 55 og milli Merlínusspár II, 55 og 56. Ekki eru eins feiknarleg alheims undur í þessu kvæði og hinu fyrra. Greint er frá því í Merlínusspá II, 93-94 að kvæðið sé ort síðar en Merlínusspá I. Með Merlínusspá II, 92 er lokið við að rekja spádóma latnesku frumgerðarinnar og

22 Annaler 1849, 37: "den ældgamle Jord for Mennesker blottes."

með Merlínusspá II, 95 kveður við nýjan tón í Merlínusspárkvæðum Gunnlaugs Leifssonar. Nú upphefst málsvörn fyrir spámannabækur, Merlínus geri sem framsýnna sé háttur og fyrri spámanna, Merlínusspá II, 95-96. Það sé ekki vitleysa þótt hann gefi mönnum heiti viða, vatna eða veðra, eða alls konar orma og dýra, Merlínusspá II, 97. Bent er á bibliúna, dýrin í draumum Daníels spámanns og hvað þau táknuðu, minnt er á spár Davíðs konungs og menn varaðir við að hæðast að spádómum, Merlínusspá II, 98-100. Þá eru menn hvattir til að bera spádómana saman við nýorðna atburði, Merlínusspá II, 101, og bent á enska pólitík samtímans, Merlínusspá II, 102. Lokavísan, Merlínusspá II, 103 er fyrirbæn (apprecatio).

Með þessu er boðskapur og hneigð síðara kvæðisins, Merlínusspár II, ljós: það er málsvörn fyrir fyrra kvæðið, Merlínusspá I, og spádóma yfirleitt með skírskotun til bibliunnar og samtímaviðburða. Aðalatriðið virðist vera að vekja trú á að eitthvað sé til í spádómunum, bæði þessa kvæðis og hins fyrra. Af þessu sést eins og fyrr að þýðing þessa síðara kvæðis, Merlínusspár II, virðist vera innlegg í deilur sem varða boðskap kirkjunnar manna á Íslandi á ofanverðri 12. öld. Svo er að sjá sem einhverjir hafi efast um sannleiksgildi og boðskap fyrra kvæðisins, Merlínusspár I.

Þungamiðja boðskaparins í Merlínusspárkvæðunum liggur í fyrra kvæðinu, Merlínusspá I, siðferðilegum áminningum þess ásamt útleggingum á lastafullu líferni manna, enskra og danskra, sem af guðs hálfu verði svarað með samfélagslegum ósköpum og furðulegum fyrirbærum í náttúrufari. Heimsslit muni verða. Síðara kvæðið, Merlínusspá II, er málsvörn fyrir fyrra kvæðið og þar gætir ekki heimsslitafræðilegra túlkana fyrra kvæðisins að sama skapi. Þannig liggur beint við að setja Merlínusspárkvæðin inn í sögulegt samhengi kirkjulegrar baráttu á Íslandi seint á 12. öld, baráttu Þorláks Þórhallssonar Skálholtsbiskups gegn kvennafari og siðleysi íslenskra veraldarhöfðingja. Tengsl Þorláks við Linkoln á Englandi eru vel kunn af sögu hans, þar stundaði Þorlákur nám á sjötta áratug tólftu aldar, fáeinum árum eftir dauða Alexanders biskups sem Prophetie Merlini voru tileinkaðir í upphafi.

Viðbætir

Um latnesk forrit Merlínusspár

Spyrja má hvort sjá megi af Merlínusspá eins og hún liggur fyrir á íslensku hvort hinn latneski frumtexti sem þýtt er eftir hafi haft einhver þau sérkenni sem leyfi að skipa honum í tiltekinn flokk handrita eða textagerða af Prophetie Merlini.

Svo vill til að einmitt Prophetie Merlini er meðal þeirra hluta af Historia regum Britannie sem síst hafa tekið miklum breytingum í hinni miklu textageymd þess verks. Prophetie Merlini virðast hafa þótt svo merkilegt efni að við því var tiltölulega lítið hróflað.[23]

Því er helst að leita textasérkenna í tuttugu fyrstu vísum Merlínusspár II sem styðjast við efni úr Historia regum Britannie utan við Prophetie Merlini, þannig:

1.-5. vísa styðjast við 105. kafla
6.-8. vísa styðjast við 106. kafla
9.-14.(-4.1) vísa styðjast við 108. kafla
14.(5.-1)-20. vísa styðjast við 111. kafla.

Tveir staðir í þessum vísum benda til að stuðst sé við Vúlgötu-texta af Historia regum Britannie en ekki við Fyrstu lesbrigðagerð (First Variant Version). Þeir eru:

1) 9. vísa: ...hét yngva vinur, Ambrosíus, en enn ágæti, öðru nafni, Merlínus sá, maður kallaðist.
108. kafli: ...Merlinus (qui et Ambrosius dicebatur) ...[24]

---

[23] Wright (1988) xvii-xx. Prophetie Merlini er í köflunum 112-117 eftir kaflatölum E.Farals yfir Historia regum Britannie.

[24] Wright (1984) 73, sbr. Wright (1988) 100. Þetta vantar með öllu í Fyrstu lesbrigðagerð.

2) 16. vísa: ...hauðurs gyrðingar, blásast eitri á, og blám eldi.
111. kafli: dracones ... ignem anhelitu procraeabant.[25]

Enn fremur má minna á ábendingar um þekkingu á tileinkunarformála Goðfreðs fyrir spádómunum til Alexanders biskups í Lincoln í Merlínusspá I sem kann að vera snúið í kvæði m.a. vegna ummæla um tónlist og ljóð í formálanum. Tileinkunarformálinn er í Vúlgötu-textanum en ekki í Fyrstu lesbrigðagerð.

25 Wright (1984) 74, sbr. Wright (1988) 101. Fyrsta lesbrigðagerð er nokkru orðfleiri um þetta.